SKOÐUN ASÍ vill geyma pláss fyrir ósýnilega vininn skrifar Pawel Bartoszek stærðfræðingur. 11

MENNING Óskar Bjarni og Vaidas reka útivistarverslun og -leigu á Hverfisgötunni. 26

SPORT Hvaða landsliðsstelpur eru herbergisfélagar á Evrópumeistaramótinu í Svíþjóð? 22

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Föstudagur
19. júlí 2013
168. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

FRÉTTIR

Lundi veiddur í Eyjum

Meirihluti bæjastjórnar Vestmannaeyja hefur samþykkt að heimila lundaveiðar í fimm daga. Náttúrustofa Suðurlands mælir gegn veiðunum. **2**

Offors stjórnvalda Stjórnarmaður Lögmannafélags Íslands segir réttaröryggi teflt í hættu með rofi á trúnaði lögmanna og skjólstæðinga. **4**

Handtaka til saksóknara Mál lögreglumanns sem handtók konu með harkalegum hætti fyrir nýverið er komið á borð ríkissaksóknara. **4**

Þungur dómur Gagnrýnandi Pútíns Rússlandsforseta hlaut fimm ára fangelsisdóm fyrir fjárdrátt. **8**

10

Bolungarvík	12°	SV	5
Akureyri	15°	SV	6
Egilsstaðir	20°	SV	5
Kirkjubæjarkl.	14°	SV	4
Reykjavík	13°	SV	6

MINNKANDI ÚRKOMA Í dag verða suðvestan 5-10 m/s og rigning en úrkomulítið A-til. Dregur úr vætu er líður á daginn. Hiti 12-20 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk

Bera mörg merki mansals

Forstöðukona vændisathvarfsins segir að starfsemi tveggja kampavínsklúbba beri merki um vændi og mansal. Kallað er eftir lögreglurannsókn. Lögreglustjóri segir lögreglu rannsaka ef grunur er um refsiverða háttsemi.

SAMFÉLAGSMÁL Forstöðukona vændisathvarfsins segir kampavínsstaðina bera öll merki vændis og mansals.

„Það er alls ekkert á huldu að þetta er vændisstarfsemi en það sem er öllu alvarlegra er að starfsemin ber öll merki þess að vera mansal og stúlkurnar bera einkenni þess að hafa verið fluttar hingað án þess að fá nokkru um það ráðið," segir Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, forstöðukona vændisathvarfsins.

Fréttablaðið fjallaði um starfsemi kampavínsklúbba í gær og hvernig þar væri hægt að kaupa aðgang að konum með dýru kampavíni. Þá sögðum við einnig frá því að á öðrum staðnum var í boði að fara afsíðis með stúlku gegn greiðslu og hvernig þær konur sem þar störfuðu bjuggu saman í lítilli blokkaríbúð. Þær höfðu aðeins dvalið hér á landi í eina viku og leituðu eftir samþykki hjá annarri konu um samskiptin við útsendara blaðsins.

„Reynslan hefur sýnt okkur að þær konur sem lenda í mansali eru fluttar hratt á milli landa. Þær ráða litlu um hvað þær gera og samskiptin þar sem ein stjórnaði greinilega gætu verið merki um að hún jafnvel geri þær út. Það eru ekki alltaf karlar," segir Steinunn.

Eftir að bann við nektardansi tók gildi árið 2010 tóku kampavínsklúbbarnir við. Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi ráðherra, var fyrsti flutningsmaður lagafrumvarps um bannið. Hún kallar nú eftir rannsókn lögreglu á starfsemi staðanna. „Miðað við það sem ég hef séð í fjölmiðlum finnst mér eðlilegt að lögregla rannsaki þetta sérstaklega," segir Siv.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri vildi ekki tjá sig um hvort til stæði að skoða starfsemi staðanna tveggja sérstaklega og kvaðst lítið hafa fylgst með fréttaflutningi síðustu daga. Hann sagði þó að eðlilega væri það hlutverk lögreglu að rannsaka grun um refsiverða háttsemi. „Það á við í öllum málaflokkum," segir Stefán.

Ekki náðist í eigendur staðanna við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. - mlþ

„Klárt vændi"

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, sagði í kvöldfréttum Stöðvar tvö í gær að hún myndi beita sér sérstaklega fyrir því að láta loka stöðunum. „Við erum alfarið á móti þessari starfsemi. Mér finnst full ástæða til þess að lögreglan kanni þetta. Þarna er verið að selja aðgang að konum sem er klárt vændi," sagði Björk.

FJÖLDI SUNDGARPA Á ÍSLANDSMÓTI Það var mikið um að vera í Nauthólsvíkinni í gær þegar Íslandsmótið í sjósundi var haldið í Nauthólsvík. Þátttakendur voru þó færri en í fyrra og segir forsvarsmaður keppninnar að það megi rekja til vætusams veðurs. „Það voru nú samt kjöraðstæður og spegilsléttur sjór þrátt fyrir vætuna. Við vorum því mjög ánægð í alla staði," segir Heimir Örn Sveinsson, félagsmaður samtakanna Coldwater sem stóðu fyrir keppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Landsliðið mætir Svíum:

Draumur að fá Svíana segir Margrét Lára

ÍÞRÓTTIR Ísland fær ærið verkefni í 8-liða úrslitum Evrópukeppninnar í Svíþjóð en liðið mætir heimamönnum fyrir framan troðfullan völl í Halmstad. Það kom til hlutkestis milli Dana og Rússa um það hvort liðið færi áfram í keppninni.

MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR

„Þetta er algjör draumadráttur fyrir okkur," sagði Margrét Lára Viðarsdóttir, leikmaður íslenska landsliðsins. „Svíþjóð og Frakkar eru bæði með frábær lið en það verður mun skemmtilegra fyrir okkur að mæta heimamönnum fyrir framan fullan völl í Halmstad. Við erum margar að spila hér í Svíþjóð sem gerir þetta enn sætara." - sáp

Framhaldsskólakennarar munu krefjast verulegra kjarabóta í janúar:

Hafa dregist aftur úr í launum

KJARAMÁL Félag framhaldsskólakennara mun krefjast þess að launakjör þeirra verði svipuð og hjá Bandalagi háskólamanna (BHM). Samningar þeirra verða lausir í janúar næstkomandi og þá verða þessar kröfur settar í forgang, segir Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara (FF).

Munurinn á heildarlaunum þessara tveggja hópa er rúm átta prósent. Aðalheiður segir að hefð hafi skapast fyrir því að þessi laun væru svipuð og sú hafi verið raunin árið 2007. Munurinn á daglaununum er enn þá meiri eða tæp 16 prósent.

Hún segir framhaldsskólakennara vera orðna langþreytta. Laun þeirra hafi rýrnað um 18 prósent sé mið tekið af vísitölu neysluverðs. Þar á ofan hafi þeir búið við niðurskurð í næstum áratug þar sem greiðslur ríkisins sem áttu að standa undir launagreiðslum hafi verið of lágar undanfarin níu ár.

Í fyrra vantaði 24 prósent upp á að framlag ríkisins hrykki til. „Þennan mismun höfum við síðan þurft að taka annars staðar frá þannig að við höfum fengið að finna fyrir niðurskurðarhnífnum í mörg ár," segir Aðalheiður.

- jse / sjá síðu 6

SPURNING DAGSINS

Sigurður, eru spellvirkjarnir búnir að skáka ykkur?

„Þeir halda það en gera sér ekki grein fyrir að við erum að spila damm."

Spellvirkjar hafa valdið skemmdum á skúlptúr sem Sigurður Arent Jónsson og tveir aðrir hönnuðu. Skúlptúrinn er á Bernhöftstorfunni þar sem menn spiluðu gjarnan skák á árum áður.

Óformlegur stuðningshópur Gunnars telur ásakanir um kynferðisbrot rökleysu og snúast um völd:

Vilja fá Gunnar í forystu Krossins á ný

TRÚMÁL Stuðningsfólk Gunnars í Krossinum telur að hann eigi að hefja störf á ný hjá söfnuðinum sem fyrst, samkvæmt yfirlýsingu sem send var út í gær.

Árlegur aðalfundur Krossins var haldinn 3. júní síðastliðinn en þar átti að skipa í nýja stjórn.

Á fundinum voru stuðningsmenn Gunnars í miklum meirihluta en núverandi stjórn og stuðningsmenn hennar voru með umboð frá öðrum safnaðarmeðlimum sem treystu sér ekki á fundinn.

GUNNAR PORSTEINSSON

Vegna deilu um lögmæti umboðanna í kosningunni leystist fundurinn upp og urðu safnaðarmeðlimir afar heiftugir samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Kallað var til lögreglu sem batt enda á upplausnarástand á fundinum.

Ekki hefur enn verið haldinn aðalfundur hjá Krossinum í ár. Samkvæmt samþykktum safnaðarins á fundurinn að vera haldinn í apríl ár hvert eða eftir ákvörðun stjórnar.

Í yfirlýsingu krefst stuðningshópurinn þess að núverandi stjórn Krossins víki eða boði til nýrra kosninga strax.

„Við viljum Gunnar Þorsteinsson aftur sem leiðtoga kirkjunnar enda aldrei orðið vör við neitt ósiðlegt í hans fari. Við teljum ásakanir þeirra kvenna sem báru á hann sakir rökleysu og að þær snúist um völd og yfirráð í kirkjunni," segir í yfirlýsingunni.

Sigurbjörg Gunnarsdóttir, núverandi forstöðumaður Krossins og dóttir Gunnars, segir að málið sé í skoðun og verið sé að kanna lögmæti kosninganna. „Þegar ferlinu lýkur verður boðað til fundar og kosið um nýja stjórn," segir Sigurbjörg og fullyrðir að málið snúist ekki um valdabaráttu við föður sinn.

- le

DÓMSMÁLIÐ ÞINGFEST Í GÆR Daníel Isebarn, lögmaður Stúdentaráðs (t.v.), Sigurbjörn Magnússon, lögmaður LÍN, og Einar Karl Hallvarðsson, lögmaður ríkisins, í Héraðsdómi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stúdentaráð höfðar mál gegn LÍN og íslenska ríkinu:

Hundruð missa rétt sinn til láns

DÓMSMÁL Stúdentaráð hefur nú höfðað mál gegn Lánasjóði íslenskra námsmanna og íslenska ríkinu vegna breytinga á úthlutunarreglum sjóðsins. Málið var þingfest í Héraðsdómi í gær.

Samkvæmt nýjum reglum munu námsmenn þurfa að sýna fram á 73 prósenta námsframvindu, frá og með 1. september, til þess að fá lán frá sjóðnum. Áður var krafist 60 prósenta námsframvindu.

Stúdentaráð fer fram á að úthlutunarreglurnar verði dæmdar ógildar, meðal annars vegna of skamms fyrirvara. „Breytingarnar teljum við bæði ómálefnalegar og ólöglegar. Það verða væntanlega hundruð nemenda sem missa rétt sinn til námslána og flosna upp úr námi í kjölfarið," segir Daníel Isebarn, lögmaður Stúdentaráðs. - le

Áhrif stríðs á börn í Sýrlandi:

Verða ólæs og full heiftar

LÍBANON, AP Leila Zerrougui, fulltrúi Sameinuðu þjóðanna gagnvart börnum og stríðsátökum, segir að stríðsátökin í Sýrlandi hafi lagt líf fjölmargra barna í rúst. Hún hefur verið í Sýrlandi undanfarna daga og einnig heimsótt flóttamannabúðir í nágrannaríkjunum.

Í gær átti hún fund í Líbanon með fulltrúum bæði sýrlenskra stjórnvalda og uppreisnarmanna. Þar sagði hún að þegar stríðinu lýkur þá „þurfið þið að takast á við heila kynslóð barna sem hafa misst af bernsku sinni, sem verða bæði full haturs og ólæs". - gb

Úrskurðaður í farbann:

Ásakaður um kynferðisbrot

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Vesturlands um að karlmaður sem grunaður er um kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum skuli sæta farbanni til 19. september.

Sýslumaðurinn á Akranesi óskaði eftir farbanninu þar sem rannsókn er enn í gangi í þeim tilgangi að tryggja nærveru mannsins á landinu þar sem hann liggur undir rökstuddum gruni um brot.

Meint brot eiga að hafa hafist árið 2007 og staðið fram á mitt sumar 2012. Í öðru málinu barst kæra frá barnavernd en í hinu frá föður stúlkunnar. - le

Eyjamenn veiða lunda eftir bann í tvö sumur

Meirihlutinn í bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti í gær að heimila lundaveiðar í fimm daga frá og með deginum í dag. Náttúrustofa Suðurlands mælti gegn veiðunum sem legið hafa niðri í tvö ár vegna lélegrar nýliðunar í lundastofninum.

UMHVERFISMÁL Lundaveiðar hefjast í Vestmannaeyjum í dag eftir tveggja ára hlé. Bæjarstjórnin samþykkti í gær að veiða mætti í fimm daga frá og með deginum í dag. Veiðitímabilið var 55 dagar á árum áður.

Georg Arnarsson, sem veitt hefur lunda í 35 ár, fagnar ákvörðuninni þótt hann segist helst hafa viljað veiðidaga í ágúst líka. Algjör forréttindi séu að geta setið úti í náttúrunni og háfað sér nokkra fugla í soðið.

„Ég heyri á öðrum veiðimönnum að Eyjamenn eru þegar byrjaðir að hringja og kvabba um hvort þeir geti ekki reddað nokkrum fuglum. Lundinn er ekki bara eign þeirra sem veiða hann og ég hef fyrir mitt leyti sagt við fólk að ég gefi því kannski smakk ef það kemur í tjaldið hjá mér á þjóðhátíð," segir Georg.

Harðar umræður urðu um málið á bæjarstjórnarfundinum. Bæjarfulltrúar V-lista kváðust harma ákvörðun meirihluta sjálfstæðismanna. Við Fréttablaðið segist Kristín Jóhannsdóttir, úr V-listanum, treysta mati sérfræðinga Náttúrustofu Suðurlands og margra annarra sérfróðra sem telja viðkomu lundastofnsins of litla til þess að tímabært sé að taka veiðarnar upp. Á bæjarstjórnarfundinum benti hún á að hægt væri að halda í heðir með því að veiða lundann en merkja hann síðan og sleppa.

Að sögn Kristínar segja þeir sem mæla með veiðunum að lundaveiðimenn muni taka tillit til stöðunnar og gæta hófs. „Það

STOFNINN STERKUR Georg Arnarson telur lundastofninn gríðarsterkan en kveðst uggandi yfir nýliðuninni. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

á auðvitað við um marga þeirra en ég hef samt áhyggjur að það séu ekki allir jafn ábyrgir. Mér finnst í góðu lagi að menn borði eitthvað annað en lunda á þjóðhátíð," segir Kristín.

Eins og bæjarfulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks er Georg ekki sammála mati Náttúrustofu Suðurlands á stöðu lundastofnsins. Mikið sé af fugli.

„En þó að stofninn sé gríðarlega sterkur er maður uggandi yfir hvernig nýliðunin hefur verið í þysjunni. Ég ætla að skreppa og ná mér í soðið en bara ef ég sé að það er ungfugl

„Mér finnst í góðu lagi að menn borði eitthvað annað en lunda á þjóðhátíð.

Kristín Jóhannsdóttir bæjarfulltrúi V-lista

og gott flug og ástandið í lagi. Ef það er lélegt ástand þá fer ég ekki í veiði," segir Georg Arnarson.

gar@frettabladid.is

Löndunarbann á makríl hefði lítil sem engin áhrif á íslensk útgerðarfyrirtæki:

Aðgerðir ESB hafa engin áhrif

SJÁVARÚTVEGUR Þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins (ESB) í formi löndunarbanns á makríl og skyldum afurðum hefðu lítil sem engin áhrif á íslensk útgerðarfyrirtæki. Stærstur hluti aflans frá Íslandi er seldur til ríkja utan ESB, þá aðallega Rússlands og Nígeríu.

Ágreiningur Íslands, Noregs og ESB um hlutdeild í makrílstofninum hefur staðið yfir í fjögur ár án niðurstöðu.

Samkvæmt skýrslu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins hefur makrílll komið eins og himnasending inn í íslenskt efnahagslíf og námu tekjur þjóðarbúsins af fisktegundinni 24,5 milljörðum króna árið 2011 og 26 milljörðum króna árið 2012.

Evrópuþingið samþykkti í fyrra reglugerð um aðgerðir gegn ríkjum sem stunda ósjálfbærar veiðar á

MAKRÍLLINN HIMNASENDING Makríllinn hefur góð áhrif á þjóðarbú Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

fisktegundum sem deilt er um, þar á meðal makríl. Mikill þrýstingur er á sjávarútvegsstofnun ESB um að beita þessari reglugerð.

Iceland Seafood er einn stærsti endursöluaðili makríls á Íslandi og telur Friðleifur Friðleifsson, framkvæmdastjóri sölusviðs fyrirtækisins, að löndunarbann á makríl myndi lítil sem engin áhrif hafa á sölu makríls.

„Við seljum nánast ekki neitt af makríl til ríkja Evrópusambandsins og því hefði bannið engin áhrif," segir Friðleifur.

- þþ

GERÐU GÓÐ KAUP!

MINNUM Á ÚTSÖLUNA!

20-60%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM!

BRESCIA SÓLSTÓLL
Flottur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Fæst í svörtu, bláu og rauðu.

SÓLSTÓLL
5.995

SPARIÐ **1000**

SUMARSÆNG

FULLT VERÐ: 3.995
2.995

FREYJA SUMARSÆNG
Létt og þægile sæng fyllt með 700 gr. af holtrefjum. Áklæði er úr polyester og bómull. Stærð: 140 x 200 sm.

PISA ÚTILEGUSTÓLL
Góður útilegustóll með örmum og glasahaldara. Hægt að leggja saman. Fást í nokkrum litum.

ÚTILEGUSTÓLL
1.350

MIKIÐ ÚRVAL

FLÍSTEPPI VERÐ FRÁ:
595

BÍLSESSA
Góð bílsessa fáanleg í nokkrum litum. Fyrir 15 - 36 kg.

BÍLSESSA
2.495

VÍKINGASPIL
2.995

KUBB VÍKINGASPIL
Sniðugt fyrir alla fjölskylduna!

VERÐ FRÁ:
1.995

SVEFNPOKAR
Mikið úrval af svefnpokum á frábæru verði.
1. MARS svefnpoki **7.995** **2.** SATURN svefnpoki **4.995**
3. NEPTUNE svefnpoki **2.995** **4.** FRASER svefnpoki **4.995**
5. OSLO svefnpoki **2.495** **6.** TARTU svefnpoki **1.995**

24% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.695
1.295

PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI

DELUX KODDI
Góður koddi fylltur með polyesterkúlutrefjum. Frábært verð! Stærð: 50 x 70 sm. Þyngd: 600 gr. Þolir þvott við 60°C.

north camp

MIKIÐ ÚRVAL AF TJÖLDUM!

TJÖLD VERÐ FRÁ:
2.495

WellPur™

MEMORY FOAM

GOLD T30 YFIRDÝNA
Virkilega vönduð yfirdýna úr MEMORY FOAM svampi með þrýstijafnandi eiginleika. Lagar sig vel að líkamanum og veitir góðan stuðning. Endingargott áklæði sem hægt er að taka af og þvo við 60°C. Dýnan er 5 sm. þykk.

STÆRÐ: 90 X 200 SM.
14.950

90 x 200 sm.	14.950
120 x 200 sm.	19.950
140 x 200 sm.	24.950
160 x 200 sm.	26.950
180 x 200 sm.	29.950

GOLD EINSTÖK GÆÐI

SPARIÐ **1000**

FULLT VERÐ: 7.995
6.995

Price Star

PRICE STAR SVAMPDÝNA
Flott og handhæg dýna sem hægt er að leggja saman. Tekur lítið pláss! Stærð: 60 x 190 x 7 sm.

VALITOR KORTALÁN ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐ GILDA TIL 24.07

SVONA ERUM VIÐ

4.533 börn fæddust á Íslandi á síðasta ári

en sama ár létust 1.952 manns.

Áratugum saman hefur fjöldi fæðinga hér á landi verið svipaður, eða um og yfir fjögur þúsund börn á ári. Árið 2009 komst fjöldi fæðinga þó í fyrsta sinn yfir 5.000, en það ár fæddust hér á landi 5.026 börn. Það ár létust 1.987 manns.

Heimild: Hagstofa Íslands

Harkalega handtakan fær flýtimeðferð hjá embætti ríkissaksóknara:

Handtakan farin til saksóknara

LÖGREGLUMÁL Mál lögreglumannsins sem handtók konu með harkalegum hætti fyrir um tveimur vikum er loks komið á borð ríkissaksóknara.

Málið fær flýtimeðferð þar en það gæti tekið allt að mánuð að fá niðurstöðu um hvort ákæra verður gefin út á hendur lögreglumanninum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þó nokkrar skýrslur verið teknar, meðal annars af fólki sem varð vitni að handtökunni. Þá verður myndbandið sem sýnir handtökuna notað við rannsóknina.

Lögreglumaðurinn sem stóð að handtökunni hefur verið leystur undan skyldum sínum.

Umboðsmaður Alþingis óskaði einnig eftir upplýsingum um málið.

Málið vakti mikla athygli en myndband náðist sem sýndi harkalega handtöku ofurölvi konu í miðborg Reykjavíkur.

- kh

HANDTEKIN Harkalega handtakan er nú komin á borð ríkissaksóknara sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Sími bjargaði göngukonum:

Villtust í þoku

BJÖRGUN Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Snæfellsnesi voru kallaðar út í gær eftir að tvær erlendar göngukonur villtust í þoku á fjalllendi norðan við Hnappadal í gær.

Konurnar höfðu samband við Neyðarlínu um klukkan tvö í gærdag og voru þær týndar í tæpa fjóra tíma.

„Konurnar voru töluvert kaldar og skelkaðar," sagði Jónas Guðmundsson hjá Slysavarnafélaginu. Hann telur það hafa bjargað konunum að hafa verið í símasambandi.

- le

SÚTUN Á SAUÐÁRKRÓKI Hér er verið að vinna roðið.

Öflug roð- og skinnverkun:

Flytja út 130 þúsund roð

VIÐSKIPTI Fyrirtækið Sjávarleður á Sauðárkróki seldi tískuvörur sem unnar voru úr um 130 þúsund fiskroðum úr landi í fyrra.

Það er löngu liðin tíð að litið sé á fiskroð sem verðlausan úrgang. Fyrirtækið hefur nýtt það í mörg ár við sína tískuhönnun, þar á meðal í handtöskur, skó og annan fatnað.

Helstu markaðirnir fyrir roðvörur eru í sunnanverðri Evrópu og í Bandaríkjunum, segir Gunnsteinn Björnsson, framkvæmdastjóri Sjávarleðurs. Hann stýrir einnig fyrirtækinu Loðskinni, sem sérhæfir sig í vinnslu á gærum. Þrjátíu og fimm manns vinna hjá fyrirtækjunum tveimur.

- jse

SAMGÖNGUR

Fá ekki bæjarábyrgð á flug

Ferðaskrifstofan Trans-Atlantic á Akureyri fær ekki umbeðna 212 þúsund evra fjárhagsábyrgð frá bæjarsjóði vegna áætlunarflugs frá Akureyrarflugvelli frá 2014 og út árið 2016. Bæjarráðið segist ekki mega gangast í ábyrgð fyrir þriðja aðila. 212 þúsund evrur svara til um 34 milljóna króna.

LEIÐRÉTT

Nafn annars myndlistarmannsins sem sýnir í Dahlshúsi á Eskifirði misritaðist á síðu 26 í Fréttablaðinu í gær. Hann heitir Árni Páll Jóhannsson og er beðinn afsökunar á rangfærslunni.

Hafa þungar áhyggjur af offorsi stjórnvalda

Stjórnarmaður í Lögmannafélagi Íslands segir réttaröryggi teflt í verulega hættu vegna skilningsleysis yfirvalda á trúnaðarskyldu lögmanna. Saksóknari hafnar þessu og segir að lögmannsstofur yrðu að öðrum kosti eins konar skálkaskjól.

DÓMSMÁL „Þetta er eitt af því sem hefur komist mikil lausung á á síðustu árum. Þessi helga skylda, sem er sama skylda og gildir um lækna og presta, er komin á mjög mikið flökt." Þetta segir Karl Axelsson, stjórnarmaður í Lögmannafélagi Íslands, um rétt skjólstæðinga lögmanna til trúnaðar í samskiptum þeirra á milli.

KARL AXELSSON

BJÖRN ÞORVALDSSON

Hann er verjandi Magnúsar Guðmundssonar, fyrrverandi bankastjóra Kaupþings í Lúxemborg, en Magnús hefur verið ákærður vegna meintrar markaðsmisnotkunar.

Karl hefur verulegar áhyggjur af því að fólk geti ekki lengur treyst því að það sem það segir við lögmenn sína verði ekki borið á torg. „Þetta er einhver helgasti réttur hvers réttarríkis og skiptir máli fyrir alla menn sem eru bornir sökum. Þeir eiga rétt á því að halda uppi vörnum og hluti af því er að þeir hafi málsvara sem þeir geta talað við án þess að hver sem er sé upplýstur um þau samskipti opinberlega," segir Karl.

Hæstiréttur úrskurðaði fyrir skemmstu í máli Kaupþingsmanna að ákæruvaldinu væri heimilt að leggja fram hleranir af símtölum eins sakborninganna við tvo lögmenn. Hæstiréttur hafnaði því að trúnaður skyldi ríkja um símtölin í ljósi þess að lögmennirnir væru ekki verjendur sakborningsins í eiginlegu dómsmáli. Lögmannafélagið telur úrskurðinn hvorki samræmast lögum, stjórnarskrá, né mannréttindasáttmála Evrópu.

Björn Þorvaldsson, saksóknari hjá Embætti sérstaks saksóknara, gefur lítið fyrir þær röksemdir. „Dómstólar eru sammála okkur og það gildir umfram það sem Lögmannafélagið segir. Þetta er bara rangt," segir Björn.

„Hann talaði ekki við þá sem sína lögmenn, þar skilur á milli," segir hann um sakborninginn. Björn telur rök Lögmannafélagsins varhugaverð. „Ég get bara sagt það hreint út að það er hætt við að lögmannsstofur verði bara skálkaskjól ef það yrði fallist á öll þessi rök. Að allt sem sé inni á lögmannsstofum sé ósnertanlegt gengur ekki."

johannesss@365.is

HÆSTIRÉTTUR Heimilaði að nota hleruð símtöl sakbornings við lögmenn sem sönnunargögn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Stjórnvöld beita valdi sínu óhóflega

Í nýútgefinni meistararitgerð frá Lagadeild Háskólans í Reykjavík segir: „Stjórnvöld hafa beitt valdheimildum sínum ósparlega og óhóflega án þess að nauðsynlegu eftirliti þar með sé sinnt sem skyldi." Eftirlit með símhlerunum sé ekki sem skyldi, meðalhófs ekki gætt við húsleitir og réttarvernd víða í ólestri. Sigurgeir Bárðarson, höfundur ritgerðarinnar, segir „gengið fram úr öllu hófi gegn friðhelgi einkalífs". Það sé þess valdandi að fólk kunni að veigra sér að leita lögfræðiráðgjafar. „Þannig má ímynda sér að ráðleggingar lögmanns hefðu í einhverjum tilvikum getað komið í veg fyrir afbrot. Það má því segja að reglan um þagnarskyldu lögmanna stuðli að vissu leyti að löghlýðni borgaranna," segir Sigurgeir.

Áskorun frá Hafnarfirði:

Vilja meira fé fyrir Flensborg

HAFNARFJÖRÐUR Bæjarráð Hafnarfjarðar lýsti yfir áhyggjum á fundi sínum í gær af yfirvofandi niðurskurði í Flensborgarskóla. Fráfarandi skólameistari, Einar Birgir Steinþórsson, sagði niðurskurðinn óhjákvæmilegan á næsta skólaári til að mæta miklum hallarekstri.

Sagði hann meðal annars að til uppsagna yrði að koma. Hefur reynst skólanum dýrt að sinna nemendum með sérstakar þarfir en honum ber skylda til að taka við öllum nemendum í Hafnarfirði.

Bæjarráð skoraði á mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér fyrir því að skólanum yrði gert fjárhagslega kleift að sinna nemendum sínum í samræmi við lög og reglugerðir.

- jse

Heimir Þorleifsson látinn

Heimir Þorleifsson sagnfræðingur og fyrrverandi sögukennari við Menntaskólann í Reykjavík lést þann 17. júlí síðastliðinn á Landspítalanum.

HEIMIR ÞORLEIFSSON

Heimir fæddist í Reykjavík 22. nóvember 1936. Hann var giftur Steinunni Einarsdóttur fyrrverandi enskukennara í Menntaskólanum í Reykjavík og áttu þau saman tvö börn.

Heimir var mikilvirkur höfundur fræðirita og kennslubóka í sagnfræði. Hann flutti útvarpserindi og þætti, skrifaði fjölda greina í blöð og tímarit ásamt því að vera stundakennari við Háskóla Íslands.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



HELGARVEÐRIÐ Það dregur smám saman úr vætu á landinu í dag og verða þó líklega víða smá skúrir í kvöld. Fremur hæg suðlæg átt um helgina og bjart með köflum en smá væta af og til vestan til. Milt í veðri víðast hvar.



Á morgun
5-10 m/s, hvassast syðst.



Sunnudagur
Svipað veður áfram.

Alicante	30°	Billund	26°	Gautaborg	23°	London	25°	Orlando	31°	San Francisco	20°
Basel	28°	Frankfurt	29°	Kaupmannahöfn	23°	Mallorca	30°	Ósló	26°	Stokkhólmur	20°
Berlín	27°	Friedrichshafen	26°	Las Palmas	25°	New York	33°	París	30°		

Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 132054

COLUMBIA SKÓR, CONSPIRACY
Dömu, 38–41. Herra, 41–47.
17.990 KR.
FULLT VERÐ 28.990 KR.

COLUMBIA SKÓR, MASTER FLY
Dömu, 38–41. Herra, 41–47.
14.990 KR.
FULLT VERÐ 28.990 KR.

CONWAY GÖNGUSKÓR
Stærðir: 36-46.
14.392 KR.
FULLT VERÐ 17.990 KR.

DIDRIKSONS REGNSETT, ODYSSEY
Dömu, 36–46. Herra, S–3XL.
15.992 KR.
FULLT VERÐ 19.990 KR.

COLUMBIA JAKKI, COMPOUNDER
Dömu, M–XL. Herra, S–2XL.
41.243 KR.
FULLT VERÐ 54.990 KR.

DIDRIKSONS BOARDMAN POLLAGALLI
Barnastærðir 80–130.
9.990 KR.
FULLT VERÐ 13.990KR.

COLEMAN LED TJALDLUKT
85–22 tíma ending.
4.792 KR.
FULLT VERÐ 5.990 KR.

PRIMUS TJALDHITARI
2000–2500W.
9.592 KR.
FULLT VERÐ 11.990 KR.

COLEMAN TAOS SVEFNPOKI
8.392 KR.
FULLT VERÐ 10.490 KR.

MERIDA CROSSWAY 20 REIÐHJÓL
Hybrid.
84.992 KR.
FULLT VERÐ 99.990 KR.

COLEMAN COBRA 2 TJALD
19.920 KR.
FULLT VERÐ 24.900 KR.

MOVERA SKJÓLVEGGUR
500x140 cm.
8.990 KR.
FULLT VERÐ 14.900 KR.

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

VEISTU SVARIÐ?

1. Frá hvaða landi eru þeir ferðamenn sem eyða hæstu fjárhæðunum hér á landi?
2. Hver skoraði mark Íslendinga í EM kvenna gegn Hollendingum?
3. Hver er sveitarstjóri Skagafjarðar?

SVÖR
1. Frá Kína.
2. Dagný Brynjarsdóttir.
3. Ásta Pálmadóttir.

Fyrirvarar gerðir í útboði að verkinu verði tryggð fjármögnun á fjárlögum:

Sex vilja hanna Landspítalann

SKIPULAGSMÁL Sex hópar sækjast eftir því að hanna sjúkrahótel og bílastæðahús við nýjan Landspítala. Umsóknir um þátttöku í forvali fyrir hönnun spítalans voru opnaðar hjá Ríkiskaupum í gær.

Hóparnir sem tóku þátt í forvalinu voru Hnit verkfræðistofa hf., Kos-hópurinn, Arkitektastofan OG ehf. og Vsb verkfræðistofa ehf., Mannvit hf., Corpus 2- hópurinn og Verkís hf., að því er fram kemur í tilkynningu frá Landspítalanum.

Fimm hópar skiluðu forvalsgögnum fyrir hönnun á meðferðarkjarna og rannsóknarhúsi. Það voru Mannvit hf., Corpus 2-hópurinn, Verkís hf., Kos-hópurinn og Salus hf.

Kynna á niðurstöðu forvalsins 21. ágúst. Þá mun liggja fyrir hvaða þátttakendur uppfylla kröfur sem gerðar eru í forvalsgögnum. Þeir geta tekið þátt í lokuðum útboðum fyrir fjórar byggingar, samtals tæplega 100 þúsund fermetra. - bj, js

NÝR LANDSPÍTALI Nýi spítalinn verður tæpir 100.000 fermetrar samkvæmt áætlunum.

Nýtt safn á Patreksfirði:

Sjóræningjar vilja flotbryggju

PATREKSFJÖRÐUR Félagið Sjóræningjar ehf. hefur óskað eftir leyfi fyrir flotbryggju við Sjóræningjahúsið á Patreksfirði.

Sjóræningjafélagið er á vefnum uppspretta.is sagt vera ferðaþjónustu- og afþreyingarfyrirtæki sem vinni að uppbyggingu á sýningu um sjórán. Félagið starfræki kaffihús, taki á móti hópum í mat og bjóði upp á menningarviðburði allt árið. Hafnarstjóra Vesturbyggðar hefur verið falið að ræða nánar við sjóræningjana. - gar

KVEIKTU Á KERTUM Víða á Indlandi hafa verið haldnar minningarathafnir um hin látnu. NORDICPHOTOS/AFP

Minningarathöfn um 23 börn sem létust úr matareitrun:

Þúsundir barna neita að borða

INDLAND Í gær lést eitt barn enn úr matareitrun í Patna á Indlandi. Þar með hafa 23 börn alls á aldrinum 5 til 12 ára látið lífið eftir að hafa snætt ókeypis skólamáltíð á þriðjudag.

Minningarathafnir hafa verið haldnar víða í skólum landsins vegna barnanna. Mikil reiði braust út á miðvikudag og þúsundir barna hafa síðan neitað að borða skólamatinn. - gb

Kennarar fara fram á miklar hækkanir

Framhaldsskólakennarar eru orðnir langþreyttir á margra ára niðurskurði og kjaraskerðingu. Kaupmáttur þeirra hefur rýrnað um 18% frá hruni. Fyrir hrun voru heildarlaun þeirra svipuð og hjá BHM en eru nú um átta prósentum lægri.

MENNTUN Framhaldsskólakennarar munu krefjast þess að fá sambærileg laun og aðrir háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn þegar samningar þeirra verða lausir um næstu áramót. Munurinn á heildarlaunum þessara hópa er nú um átta prósent.

Mikil ólga er meðal framhaldsskólakennara vegna launaskerðingar sem þeir hafa orðið fyrir á undanförnum árum. Að sögn Aðalheiðar Steingrímsdóttur, formanns Félags framhaldsskólakennara, hafa heildarlaun þeirra rýrnað um 18 prósent miðað við vísitölu neysluverðs á síðustu sex árum.

AÐALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR

Deildu þeir botnsætinu hvað það varðar með Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, áður en það fékk sína launaleiðréttingu fyrir skemmstu. Til samanburðar var þessi rýrnun 13 prósent hjá Bandalagi háskólamanna.

„Við erum með lausa samninga í byrjun næsta árs," segir Aðalheiður. „Þá munum við leggja fram þær kröfur að okkar laun verði sambærileg við laun annarra háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna."

Hún segir að launamunurinn á Félagi framhaldsskólakennara og Bandalagi háskólamanna hafi breikkað töluvert frá hruni. Árið 2007 var aðeins eins prósents munur á heildarlaunum þessara hópa en á síðasta ári var hann rúm átta prósent, BHM í vil. Munurinn á dagvinnulaunum er hins vegar tæp 16 prósent.

Einnig segir Aðalheiður að niðurskurður hafi reynst framhaldsskólum þungbær. „Satt að segja byrjaði niðurskurðurinn fyrir um það bil níu árum," segir hún. „Þannig að þegar það þurfti svo að fara í stórtækan niðurskurð eftir efnahagshrunið þá fórum við úr öskunni í eldinn."

Hún bendir á að árið 2003 hafi verið byrjað að miða við svokallaða launastiku við útreikning á launakostnaði í framhaldsskólum landsins. Átti hún að sýna rauntölur um mánaðarlaun kennara en nýleg úttekt sýnir að launastikan hefur allt frá árinu 2004 verið langt undir raunverulegum dagvinnulaunum.

Sá munur hefur farið stigvaxandi og var hann rúm 24 prósent á síðasta ári, sem þýðir að upphæðin sem fengin er til að standa undir launakostnaði er 24 prósentum lægri en raunveruleg laun kennaranna.

„Þennan mismun höfum við síðan þurft að taka annars staðar frá þannig að við höfum fengið að finna fyrir niðurskurðarhnífnum í mörg ár," segir Aðalheiður. Hún segir að þessi niðurskurður birtist meðal annars í sístækkandi námshópum, minna námsframboði og skerðingu á þjónustu við nemendur.

jse@frettabladid.is

GANGA MENNTAVEGINN Oft hefur meðferðin á nýnemum í framhaldsskólunum verið talin ámælisverð en nú segjast kennararnir vera orðnir langþreyttir á meðferðinni sem þeir hafa fengið síðustu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Launaforskot

Launaforskot háskólamanna (BHM) á framhaldsskólakennara hefur aukist töluvert síðustu árin.

	Daglaun	Heildarlaun
2007	13%	1%
2008	16%	3%
2009	14%	3%
2010	15%	7%
2011	15%	8%
2012	16%	8%



Íbúar Suður-Afríku fögnuðu 95 ára afmæli Nelsons Mandela:

Ættingjarnir halda í vonina

SUÐUR-AFRÍKA, AP „Við hlökkum til að fá hann aftur heim," sagði Zindzi Mandela, ein af dætrum Nelsons Mandela, í gær.

Ættingjum hans ber saman um að hann sé hægt og rólega að ná heilsu aftur eftir að hafa legið þungt haldinn á sjúkrahúsi í nærri hálfan annan mánuð.

Suður-Afríka fagnaði í gær 95 ára afmæli hans og skein hlýjan í hans garð úr hverju auga: „Hann er sá sem batt enda á aðskilnaðarstefnuna og maður friðar sem allir geta litið upp til," segir Ashley Kunutu, tólf ára skólanemi í Jóhannesarborg, þar sem fólk kom saman til að heiðra Mandela og óska honum bata.

Mandela sat í fangelsi í 27 ár fyrir baráttu sína gegn aðskilnaðarstefnu hvíta minnihlutans. Hann varð forseti árið 1994 í fyrstu frjálsu kosningum landsins.

„Suður-Afríka er betri staður nú en árið 1994 og það er vegna framlags Madiba og samtaka hans," segir í yfirlýsingu frá Afríska þjóðarráðinu, samtökunum sem börðust lengi gegn aðskilnaðarstefnunni og eru nú stærsti og valdamesti stjórnmálaflokkur landsins. - gb

ÞJÓÐIN FAGNAR Hlýhugur landsmanna í garð Mandela leyndi sér ekki. NORDICPHOTOS/AFP

Láttu hjartað ráða

„Himneskir lífrænir gosdrykkir úr fyrsta flokks hráefni og allir
í fjölskyldunni finna eitthvað við sitt hæfi.“

Solla

BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT

Ýmislegt sem betur má fara:

Fiskeldiseftirlit fullnægjandi

SJÁVARÚTVEGUR Opinbert eftirlit með heilbrigði eldisfiska á Íslandi er almennt fullnægjandi. Kemur þetta fram í skýrslu Eftirlitsstofnunar EFTA.

Stofnunin kannaði fiskeldisstöðvar í mars í því skyni að skera úr um hvort opinbert eftirlit með heilbrigði fiskanna væri í samræmi við EES-reglur.

Þrátt fyrir jákvæðar niðurstöður benti stofnunin á ýmislegt sem betur mætti fara, til dæmis hagsmunaárekstra þegar dýralæknar gegna einnig hlutverki eftirlitsaðila, að ekki væru gæðastjórnunarkerfi og líföryggiskerfi til staðar alls staðar og að einnig vanti aðstöðu og búnað til neyðarslátrunar á fiski. -nej

Mælingar fyrir júní ljósar:

Fiskafli minni nú en í fyrra

SJÁVARÚTVEGUR Heildarafli íslenskra skipa í júnímánuði var 13,6 prósentum minni en í fyrra. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Aflinn í júní í ár nam alls 39.812 tonnum en í fyrra nam hann 52.290 tonnum. Mest veiddist af botnfiski eða tæp 26.400 tonn, en þó dróst botnfiskveiði saman um 1.300 tonn frá júní 2012. Af botnfiski veiddist mest af þorski eða rúm 15.100 tonn.

Afli uppsjávartegunda nam rúmum 9.100 tonnum, sem er rúmlega 11.300 tonnum minni afli en í júnímánuði í fyrra. Afli flatfiska var tæp 2.100 tonn í ár sem er 46 tonnum meira en í fyrra. - nej

Í RÉTTARSALNUM Dómarinn taldi Alexeí Navalní sekan um fjársvik í tengslum við timburviðskipti en Navalní telur málaferlin gegn sér sprottin af pólitískum rótum. NORDICPHOTOS/AFP

Gagnrýnandi Pútíns hlýtur þungan dóm

Alexeí Navalní var dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir fjárdrátt. Hann segir málaferlin gegn sér sprottin af pólitískum rótum. Pútín sé að losna við óþægilega rödd.

RÚSSLAND, AP „O jæja. Látið ykkur ekki leiðast án mín," skrifaði rússneski stjórnarandstæðingurinn Alexeí Navalní á Twitter-síðu sína þegar dómari í Kirov dæmdi hann í fimm ára fangelsi í gærmorgun.

„Og það sem máli skiptir, farið nú ekki að sitja aðgerðarlaus," bætti hann við í hvatningarskyni til félaga sinna í stjórnarandstöðunni.

Navalní er einn áhrifamesti leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Rússlandi. Hann er þekktur bloggari og var í forystu fjöldamótmælanna í kjölfar þingkosninganna 2011. Þar sakaði hann stjórnvöld um víðtækt kosningasvik.

Bæði hann og félagar hans hafa sagt ákærurnar á hendur honum vera af pólitískum rótum spunnar. Vladimír Pútín forseti sé þarna að losna við einn áhrifamesta andstæðing sinn.

Dómari í Kirov-héraði, austan til í Rússlandi, komst að þeirri niðurstöðu að Navalní væri sekur um að hafa svikið 16 milljónir rúblna, jafnvirði um það bil 60 milljarða króna, út úr ríkisfyrirtækinu Kirovles þegar hann var ráðgjafi héraðsstjórans í Kirov árið 2009. Þau ráðgjafastörf vann hann í sjálfboðavinnu.

Féð átti hann að hafa náð sér í með timburviðskiptum, þar sem timbrið var selt langt undir markaðsverði.

Á meðan dómarinn las upp dóminn, en sá lestur tók þrjár og hálfa klukkustund, notaði Navalní tímann til að sýsla í snjallsímanum sínum.

Hann brosti kaldhæðnislega þegar fangelsisdómurinn var orðinn að veruleika. Hann hafði áður sagst nokkuð öruggur um að fá dóm en vissi ekki hvort hann yrði skilorðsbundinn eða ekki.

gudsteinn@frettabladid.is

Alexei Navalní

- 1976: Fæddur í Bútín, nálægt Moskvu.
- 1998: Útskrifast úr lögfræðinámi frá háskóla í Moskvu.
- 2008: Bloggskrif hans um spillingu stjórnvalda vekja athygli. Hann verður einn áhrifamesti leiðtogi rússneskra stjórnarandstæðinga.
- 2011: Fræg verða ummæli hans um að Sameinað Rússland, flokkur Vladimírs Pútíns forseta, sé bandalag þrjóta og þjófa.
- Desember 2011: Hefur forystu um fjöldamótmæli gegn þingkosningum og gagnrýnir stjórnvöld fyrir víðtækt kosningasvindl. Dæmdur í fimmtán daga fangelsi.
- 10. júlí 2013: Lýsir yfir framboði til borgarstjóra í Moskvu.
- 18. júlí 2013: Dæmdur til fimm ára fangelsis fyrir fjársvik.

www.volkswagen.is

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Evrópu- og heimsmeistari

Volkswagen Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og 66 bílablaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Nýr Golf kostar frá

3.540.000 kr.

Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu bíl ársins

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

SKOÐUN

Hvernig á að laga gífurlegan halla á LSR?

Sprengjusérfræðingur óskast

Lífeyrismál opinberra starfsmanna hafa verið í brennidepli undanfarið. Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um stöðu lífeyrissjóða kemur fram að staða sjóða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga – sem sagt skattgreiðenda – sé „sem fyrr mjög slæm“. Um áramót vantaði nærri 574 milljarða upp á að þessir lífeyrissjóðir ættu fyrir skuldbindingum.

Ef þetta væru lífeyrissjóðir almennra launþega myndu þeir þurfa að skerða réttindi. En það gerist ekki hjá sjóðum hins opinbera nema að litlu leyti. Stór hluti opinberra starfsmanna nýtur lífeyrisréttinda, sem miðast ekki við það hvað hefur safnazt í sjóðina heldur eru þau skilgreind í lögum og skattgreiðendur borga ef upp á vantar.

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna (LSR) er stærsta vandamálið. Hallinn á honum er 466 milljarðar, þar af um 360 vegna B-deildarinnar sem heldur utan um réttindi eldri starfsmanna. Hallinn er til kominn vegna þess að ríkið hefur sparað sér að hækka iðgjald launagreiðanda þannig að það stæði undir skuldbindingum sjóðsins. Stjórnmálamenn hafa ekki talið svigrúm til að fjármagna sjóðinn eins og þurfti og í staðinn safnað upp þessari skuld við hann. Þeir hafa ýtt vandanum á undan sér og ekki lagt í að skera enn meira niður í þjónustu hins opinbera til að eiga fyrir því sem þurfti að leggja sjóðnum til.

Á mannamáli heitir þetta: Við skattgreiðendur höfum ekki efni á þessum ríkulegu lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Tölurnar eru ævintýralegar – hallinn samsvarar hér um bil heilum fjárlögum ríkisins. Árlega bæta stjórnmálamennirnir einni dínamíttúpu í tifandi tímasprengju með því að gera ekki neitt.

Hvernig á að gera sprengjuna óvirka? LSR boðar að um áramótin þurfi að hækka iðgjald til A-deildar sjóðsins um eitt prósentustig til að leysa bráðavanda hennar, en hallinn á henni er orðinn meiri en lög leyfa. Pétur Blöndal, þingmaður og tryggingastærðfræðingur, bendir á það í Fréttablaðinu í gær að miklu stórtækari aðgerðir þurfi til að bregðast við vandanum og koma þurfi hallanum með einhverjum hætti inn á fjárlög.

Það þýðir að skattgreiðendur munu næstu árin þurfa að borga marga milljarða á ári til að standa við skuldbindingar gagnvart eldri ríkisstarfsmönnum. Svigrúmið hjá ríkissjóði er ekkert, þannig að skera verður niður á móti. Það er ekki hægt án þess að fækka starfsfólki ríkisins.

Bent hefur verið á að eigi að skerða lífeyrisrétt opinberra starfsmanna sem borga í A-deildina verði að hækka við þá launin. Það má til sanns vegar færa, en jafnlitlir peningar eru til í ríkissjóði fyrir því. Ef laun ríkisstarfsmanna eiga að hækka, þarf því um leið að fækka þeim sem þiggja þau.

Þannig standa hagsmunasamtök opinberra starfsmanna frammi fyrir þeirri áhugaverðu þversögn í hagsmunabaráttu sinni að það verður að fækka ríkisstarfsmönnum til að tryggja lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna.

Það finnst mönnum vafalaust vont, en er einhver önnur leið til að aftengja tímasprengjuna? Hér með er lýst eftir sprengjusérfræðingnum sem kann þau trix.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Yfirlýsingar Þorbjargar

Borgarfulltrúinn **Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir** viðurkennir í viðtali við Nýtt líf að sjálfstæðismenn hafi notfært sér veikindi Ólafs F. Magnússonar í ársbyrjun 2008 til að komast til valda. Hún kveðst sjá mjög eftir því en þau hafi bara verið svo svekkt að missa meirihlutann eftir REI-málið, að ósekju að þeim fannst, að þau hafi verið til í að gera hvað sem er til að komast aftur til valda. Þetta eru ótrúlegar yfirlýsingar hjá Þorbjörgu Helgu, sem lýsir því reyndar líka yfir í viðtalinu að ef hún haldi áfram í pólitík þá stefni hún á oddvitasæti flokksins í borginni.

Er henni vært?

Það má hins vegar spyrja hvort það geti mögulega verið að Þorbjörg Helga ætli að halda áfram eftir að hafa ljóstrað upp um þátttöku sína í þessum kollektíva dómgreindarbresti fyrir hálfum áratug, sem hún lýsir sjálf með orðunum „misnotkun á valdi“. Einhvers staðar myndi fólk sem viðurkenndi að hafa komið veikum manni til valda í eigin þágu einfaldlega snúa sér að öðru. En Íslendingar eru reyndar mjög fljótir að gleyma.

Fyrir neðan allar hellur

Erfiðlega gekk að fá félaga Þorbjargar Helgu úr borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna til að tjá sig um fullyrðingar hennar í gær. Sá eini sem það gerði var **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson**, sem sendi frá sér yfirlýsingu og skilur ekkert í Þorbjörgu, finnst þau „dapurleg“ og „fyrir neðan allar hellur“, sakar hana um „ímyndanir“ og fleira í þeim dúr. Vilhjálmur segir samstarf hans og Þorbjargar Helgu hafa verið með ágætum, „þótt vissulega hafi borið skugga á það samstarf, sem leiddi til 100 daga meirihlutans í borgarstjórn“. Vilhjálmur er greinilega ekki búinn að gleyma sms-skeyti Þorbjargar Helgu til borgarfulltrúa annarra flokka haustið 2007, sem í stóð: „Til í allt, án Villa“.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

Hvað heitir makríll á ensku?

EVRÓPUMÁL

Elín Hirst
þingmaður
Sjálfstæðisflokksins

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra gerði góða för til Brussel í vikunni og heimsótti meðal annars Evrópusambandið og NATO. Það er gaman að fylgjast með þessum yngsta forsætisráðherra í sögu lýðveldisins á fundum með erlendum stjórnmálaleiðtogum því að hann talar ensku reiprennandi og á í engum vandræðum með að tjá sig um flóknustu mál á erlendri tungu.

Ég er reyndar viss um að hann talar betri ensku en margir frammámenn Evrópusambandsins sem hann ræddi við, eins og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Herman van Rompuy, forseti leiðtogaráðs ESB, og Maria Damanaki, sjávarútvegsstjóri ESB. Um þetta get ég náttúrulega ekki fullyrt, en ég veit hins vegar fyrir víst að tungumálakunnátta er mikilvæg fyrir stjórnmálamenn sem þurfa að gæta hagsmuna Íslands á erlendum vettvangi og þar er góð enskukunnátta lykilatriði.

Kunnátta fólks í erlendum tungumálum er þess eðlis að hún ryðgar nema að henni sé haldið við. Þannig stundaði undirrituð bæði háskólanám í Bandaríkjunum og Noregi á sínum yngri árum og talaði og skrifaði bæði málin svo til reiprennandi. Nú, rúmum þrjátíu árum síðar, myndi ekki veita af því að fara á strangt námskeið

➜ Það er gaman að fylgjast með þessum yngsta forsætisráðherra í sögu lýðveldisins á fundum með erlendum stjórnmálaleiðtogum.

með góðum leiðbeinendum til að rifja upp gamla takta.

Eins og menn kannski vita er ég mikill stuðningsmaður þess að Ísland standi utan ESB. Ég hef ekkert á móti Evrópusambandinu og fagna því að mörg ríki Evrópu telji það farsælasta farveginn fyrir sig og sínar þjóðir. En ég tel að hagsmunum Íslands sé mun betur borgið utan ESB og hef fært fyrir því ýmis rök, til dæmis að framsal á fullveldi komi ekki til greina fyrir nýfrjálsa þjóð eins og okkur Íslendinga.

Ég hjó því sérstaklega eftir ummælum forsætisráðherra um makrílmálin eftir fundi með ráðamönnum í Brussel. Hann sagði að Ísland væri í mun betri samningsstöðu um makrílinn utan ESB en innan. Ef við værum innan ESB væri Evrópusambandið löngu búið að ákveða lyktir þessa máls án okkar atbeina. Þar hitti hann forsætisráðherra einmitt naglann á höfuðið. Skýrt dæmi um ótvíræða kosti þess að standa utan ESB til að varðveita sjálfstæði okkar og hagsmuni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
VÍSIR: Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Ósýnilegir vinir ASÍ

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Ég ferðast oft með strætó. Það gera, sem betur fer, æ fleiri. Sumir þeirra ferðast reyndar með ósýnilegan vin með sér. Þeir sjálfir sitja þá við ganginn en ósýnilegi vinurinn tyllir sér gjarnan við gluggann. Bæði sætin eru því frátekin: Gangsætið fyrir þann holdi klædda, en gluggasætið fyrir hinn ósýnilega. Auðvitað dettur engum í hug að reyna að troða sér fram hjá raunmanninum og setjast í gluggasætið. Þá myndi maður setjast á vininn ósýnilega. Og það er dónaskapur að setjast á fólk, þótt ósýnilegt sé.

Já, það er þægilegt að vera með tvö sæti í stað eins. Og menn eru vissulega misfrekir á þetta aukasæti sitt. Sumir færa sig um leið og vagninn fer að fyllast. Aðrir bíða með það í lengstu lög, í von um að nýir farþegar setjist frekar við hlið einhvers sem er ekki jafnfrekur á pláss sitt. En sumir sitja sem fastast þótt vagninn sé orðinn troðfullur og fólk þurfi að standa. Þessir plássvandlátu farþegar horfa oft niður á snjallsímann til að forðast augnaráð hinna og stundum geyma þeir töskuna sína í gluggasætinu. Skilaboðin eru skýr: „Ég kom hingað fyrstur. Ég vil fá að vera út af fyrir mig. Nei, þú mátt ekki setjast. Þú getur fundið þér annað sæti.“

Standið bara

Fyrr í mánuðinum gekk Króatía í Evrópusambandið. Þar með öðluðust króatískir borgarar rétt til að flytja til annarra ríkja ESB og EES. Ríkin hafa reyndar heimildir til að setja tímabundnar skorður við þessum flutningum, sum þeirra hafa gert það, en meirihluti þeirra, þar með talin Danmörk, Svíþjóð, Finnland og Írland, ekki. Ísland virðist hins vegar ætla að vera í vonda liðinu, allavega til að byrja með. Afstaða Íslands ætlar því verða hin sama og afstaða farþegans í gangsætinu. Farþegans sem hvikar hvergi og hugsar: „Er ekki nóg af sætum? Annars staðar en hjá mér?“

Opnum á Króatíu

Íbúar Króatíu eru innan við 1% af íbúum ESB. Ég myndi raunar fagna því ef einhverjir þeirra kysu að flytjast til Íslands í leit að betra lífi. En þeir verða örugglega ekki mjög margir, stærri lönd sem liggja nær hafa þegar opnað sín landamæri fyrir Króötum og flestir þeirra sem á annað borð hyggjast flytja munu enda í þeim löndum.

Samkvæmt frétt RÚV vilja Samtök atvinnulífsins að Ísland opni sín landamæri fyrir Króötum. Mannvinirnir hjá ASÍ eru því hins vegar andvígir. Í fréttinni segir: „Undanþáguheimildin [til að takmarka frjálsa flæðið] heyrir undir félagsmálaráðherra. Í áliti ASÍ til ráðuneytisins er óskað eftir því að stjórnvöld nýti hana. Í minnisblaði kemur fram að ef til vill séu ekki veigamikil vinnumarkaðsleg rök fyrir því. Aftur á móti geti staðan breyst á skömmum tíma. Liechtenstein og Noregur ætli að nýta sér heimildina og ákveðin rök séu fólgin í því að eiga samleið með Noregi.“

> Við ættum að opna á frjálst flæði fólks frá Króatíu.

Sem sagt: ASÍ telur ekki veigamikil rök fyrir því að loka á fólk frá Króatíu en vill gera það samt. Það vill geyma plássið fyrir ósýnilega vininn. Það vill geta lagt frá sér töskuna í gluggasætið. Fólkið getur sest annars staðar, eða bara staðið. Það þarf nú ekki að standa lengi. Bara kannski í svona tvö ár til viðbótar. Eða mest sjö. En er þetta ekki ungt fólk og heilsuhraust?

ASÍ ræður þessu ekki

ASÍ eru hagsmunasamtök. Þau vilja væntanlega ekki að kjör félagsmanna í aðildarfélögum ASÍ skerðist með aukinni samkeppni erlendis frá. Kannski er það skiljanlegt. En mér finnst það ekki mjög vingjarnlegt. Og raunar líka efnislega rangt. Það verður ekkert verra að vera launþegi þótt Íslendingum fjölgi. Fleira nýtt fólk mun þýða fleiri ný tækifæri.

En kannski skiptir ekki máli hvað ASÍ finnst. Það er ekki slíkra samtaka að móta stefnuna. Við ættum að opna á frjálst flæði fólks frá Króatíu. Og ekki einu sinni af neinum mannúðarástæðum heldur vegna þess að græðum á því að fá fólk. Það er kominn tími til að leggja töskuna á lærin og færa sig í gluggasætið. Þetta verður allt í lagi.

Mýrdalshreppur skipulags – og byggingarfulltrúi

Auglýsing um skipulagsmál í Mýrdalshreppi

Breyting á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028

Í samræmi við 31.gr. Skipulagslaga nr.123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum vegna tillögu að breyttu aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Um er að ræða breyttan landnotkunarflokk við Suðurvíkurveg 1. Landnotkunarflokkur viðkomandi reits breytist úr „þjónustustofnun“ í „verslun og þjónustu“.

Tillaga að Deiliskipulagi

Í samræmi við 1. og 2.mgr.41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum vegna deiliskipulagstillögu fyrir Suðurvíkurveg og Mylluland Vík í Mýrdal. Um er að ræða deiliskipulag á grunni aðalskipulagsbreytingar við Suðurvíkurveg 1 og skipulagningu hverfis við Mylluland.

Viðkomandi aðal- og deiliskipulagstillögur liggja frammi hjá fulltrúa skipulags-og byggingarmála í Mýrdalshreppi, Austurvegi 17, 870 Vík og á heimasíðu Mýrdalshrepps www.vik.is frá 19.júlí til 5. September 2013. Athugasemdafrestur við tillögur þessar er til 5.september 2013. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Mýrdalshrepps. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast samþykkar þeim.

Fh.Skipulags-og Byggingarfulltrúa
Vigfús Þór Hróbjartsson
Fulltrúi skipulags-og byggingarmála
Mýrdals-og Skaftárhreppi

NAUTA PIPARSTEIK
FERSK
2.469
ÁÐUR 3.799 KR/KG
afsláttur 35%

NAUTA GRILLSTEIK
USA
2.243
ÁÐUR 3.298 KR/KG
afsláttur 32%

LAMBARIF
GRILL
559
ÁÐUR 798 KR/KG
afsláttur 30%

BEN & JERRYS ÍS 500ML
DOUGH-BLE WHAMMY-CORE /
OH! MY APPLE PIE
979
ÁÐUR 1.398 KR/STK
afsláttur 30%

MAÍSKORN
HY-TOP 432 G
119
ÁÐUR 159 KR/STK
afsláttur 25%

GRÆNN ASPAS
HY-TOP 411 G BITAR
215
KR/STK

MARSHMALLOWS
HY-TOP 283 G
262
ÁÐUR 349 KR/PK
afsláttur 25%

Tilboðin gilda 18. - 21. júlí

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

nettó
í sumarskapi

Amerískir dagar halda áfram!

afsláttur 50%

KLEINUHRINGUR USA
95
ÁÐUR 189 KR/STK

afsláttur 30%

PLÓMUR & NEKTARÍNUR 1 KÍLÓ
384
ÁÐUR 549 KR/ASKJAN

afsláttur 40%

SÚKKULAÐITERTA USA
959
ÁÐUR 1.598 KR/STK

netto.is

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

TÍMAMÓT

90 ára afmælí

Guðrún Margrét Sölvadóttir

frá Efri-Miðvík
lengstum í Álftamýri 38, Rvk.

Í tílefni af 90 ára afmæli mínu 21. júlí nk. langar mig að bjóða fjölskyldu og vinum að gleðjast með mér. Boðið verður upp á kaffi og veitingar í Safnaðarheimili Guðríðarkirkju í Grafarholti. Mér þætti vænt um að í stað hefðbundinna afmælisgjafa fengi viðhaldssjóður kirkjunnar á Stað í Aðalvík að njóta þess. Hægt er að leggja inn á reikning 0156-15-380375 kt. 4906710729. Merkt Magga Sölva. Eins verður baukur í veislunni sem hægt verður að leggja í. Þætti mér vænt um að sjá sem flesta sunnudaginn 21. júlí milli klukkan 15 og 18.

Kveðja, Magga Sölva.

Styrkja félagsmenn sem lenda í hremmingum

Golfað fyrir lífið er yfirskrift styrktarmóts sem Golfklúbbur Vatnsleysustrandar heldur á morgun fyrir Guðjón Sigurðsson og fjölskyldu. Hann berst við MND-sjúkdóminn.

„Guðjón er gamall félagi hjá okkur og konan hans líka og allur ágóði af mótinu rennur óskipt til þeirra," segir Hallberg Svavarsson tannsmiður. Hallberg er formaður mótanefndar Golfklúbbs Vatnsleysustrandar sem heldur styrktarmót á morgun, laugardag, til styrktar Guðjóni Sigurðssyni, formanni MND-félagsins, og fjölskyldu hans.

Völlurinn er rétt við kirkjustaðinn Kálfatjörn, skammt frá Vogum. „Flottur staður og flottur völlur," segir Hallberg og upplýsir að um 170 manns séu í klúbbnum þar. „Félagarnir eru margir af höfuðborgarsvæðinu, þeir vilja frekar vera í litlum klúbbi og geta farið í golf þegar þeim sýnist en þurfa að bóka sig með fjögurra daga fyrirvara."

Á mótinu á morgun er bæði um einstaklingskeppni að ræða og firmakeppni. „Á svona styrktarmóti er alltaf leitað til fyrirtækja, þau senda inn tveggja manna lið og leggja sitt af mörkum," segir Hallberg og upplýsir að verðlaun séu í boði fyrir þrjú efstu sæti í firmakeppninni og karla- og kvennaflokki en einnig nándarverðlaun fyrir 3. og 8. holu.

Hallberg segir klúbbinn áður hafa haldið svona mót fyrir Guðjón sem ávallt hafi mætt ásamt konu sinni. „Við höfum alltaf viljað styrkja okkar félagsmenn sem hafa lent í einhverjum hremmingum," segir hann og hvetur kylfinga til að vera með og styðja við gott málefni.

Skráning einstaklinga er á www.golf.is en firmaskráning hjá Guðjóni, gudjon@mnd.is.

gun@frettabladid.is

MÓTSSTJÓRINN HALLBERG Á leið út á völl að æfa sveifluna fyrir styrktarmótið á morgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

MARTEINN KRISTINSSON
rafvirkjameistari,

lést miðvikudaginn 17. júlí á Landspítalanum Fossvogi. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Kristín Þ. G. Jónsdóttir
Ingibjörg Þóra Marteinsdóttir **Hilmar Teitsson**
Kristinn Óskar Marteinsson **Þóra Stefánsdóttir**
afabörn og langafabörn.

---

†

Elskaður eiginmaður minn og besti vinur,

EYÞÓR STEFÁNSSON
myndlistarmaður, tónlistarmaður og kennari,
Vogum á Vatnsleysuströnd,

er látinn. Jarðarförin hefur farið fram.

Fyrir hönd dætra og annarra aðstandenda,
Guðrún M. Pétursdóttir.

---

†

Okkar ástkæri,

EYJÓLFUR GUÐMUNDSSON
verslunarmaður,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 22. júlí kl.13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans eru beðnir um að láta Krabbameinsfélagið eða Samhjálp njóta þess.

Svanfríður Þorkelsdóttir
Sólveig B. Eyjólfsdóttir **Sigurður Þorkelsson**
Steinarr Höskuldsson
Helga Kr. Eyjólfsdóttir **Sigurður V. Bjarnason**
Guðrún S. Eyjólfsdóttir **Helgi Þórsson**
Guðmundur Þ. Eyjólfsson **Díana J. Svavarsdóttir**
og aðrir aðstandendur.

---

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs mannsins míns, föður okkar, stjúpföður, tengdaföður og afa,

ÞÓRHALLS DAN JOHANSEN
Urriðakvísl 9, Reykjavík.

Anna Lilja Gunnarsdóttir
Bertha Ingibjörg Johansen **Elliði Vignisson**
Gyða Dan Johansen **Ari Edwald**
Hallur Dan Johansen **Oddný Jóna Bárðardóttir**
Agnar Gunnar Agnarsson **Atsuko Sato**
og barnabörn.

---

†

Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, vináttu og umhyggju við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

BRYNJARS JÓNSSONAR
Skarðshlíð 30a, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við stúlkunum á Heimahlynningu og á Lerkihlíð á dvalarheimilinu Hlíð fyrir þá umhyggju og nærgætni sem þær sýndu honum og okkur.

Steinunn Jónasdóttir
Jóhann Svan Brynjarsson
Fanný María Brynjarsdóttir **Birgir Rúnar Davíðsson**
afa- og langafabörn.

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

JÚLÍUS ÓSKAR SIGURBJÖRNSSON
Hrísateig 26, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 4. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til allra þeirra sem heiðrað hafa minningu hans.

Margrét Gróa Júlíusdóttir
Jón Júlíusson **Ragna Ingimundardóttir**
Sigurður Tryggvi Júlíusson **Sirigorn Inthaphot**
Kristín Ósk Júlíusdóttir
systkini og barnabörn.

---

†

Bróðir okkar og mágur,

MATTHÍAS ELÍASSON
til heimilis að Austurvegi 12, Reyðarfirði,

lést í Reykjavík föstudaginn 12. júlí. Jarðsungið verður frá Reyðarfjarðarkirkju laugardaginn 20. júlí kl 14.00.

Kristrún Elíasdóttir
Marteinn Elíasson **Helga Soffía Aðalsteinsdóttir**
Elín Elíasdóttir **Filippus Jóhannsson**

---

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð við fráfall míns ástkæra eiginmanns,

RÓBERTS ARNFINNSONAR.

Sérstakar þakkir færi ég starfsfólki hjúkrunar- og dvalarheimilisins Grund.

Fyrir hönd fjölskyldunnar
Stella Guðmundsdóttir

---

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

ARNVIÐUR ÆVARR BJÖRNSSON
frá Húsavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð þann 17. júlí. Útför hans fer fram frá Húsavíkurkirkju föstudaginn 26. júlí kl.14.00.

Eydís Arnviðardóttir **Snorri Pétursson**
Björn Jósef Arnviðarson **Jóhanna Sigrún Þorsteinsdóttir**
Hermann Arnviðarson **Unnur Eggertsdóttir**
Börkur Arnviðarson **Inga Dóra Sigurðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elsku hjartans eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,

VIGFÚS VIGFÚSSON
(SÚDDI)

lést að heimili sínu þann 17. júlí síðastliðinn í faðmi fjölskyldu sinnar. Hann verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 26. júlí kl 13.00.

Guðrún Jóhannesdóttir
Fanney Vigfúsdóttir
Vigfús Vigfússon **Guðrún Ágústa Önnudóttir**
Vigfús Kr. Vigfússon **Herdís K. Hervinsdóttir**
Súsanna Sól
Vigfús Kristinn
Ísak
Ríkey Guðrún



Fjölbreytt úrval legsteina
Frí áletrun og uppsetning

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)

Granithöllin
Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði
www.granithollin.is
Sími 555 38 88

WWW.KVEDJA.IS
Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS

571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

AFMÆLI Á HÁAFELLI

Geitfjársetrið á bænum Háafelli í Hvítársíðu í Borgarfirði fagnar eins árs afmæli á sunnudaginn. Gestir og gangandi geta heimsótt þetta eina ræktunarbú geita á Íslandi og fengið kaffi og pönnsur milli 13 og 18. www.geitur.is

ELDAÐ MEÐ HOLTA

HOLTA KYNNIR *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur skemmtilega uppskrift að lárperufylltum kjúklingabringum með tómatsalsa og byggsalati. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

BRINGUR Fylltar með lárperu og bornar fram með tómatsalsa og byggsalati.

LÁRPERUFYLLTAR KJÚKLINGABRINGUR

MEÐ TÓMATSALSA OG BYGGSALATI FYRIR 4

4 kjúklingabringur
2 msk. olía
1 msk. McCormick-kjúklingakrydd

Fylling
2 *lárperur, stein- og hýðislausar í bitum*
½ chili-aldin, steinlaust og smátt saxað
1 hvítlauksgeiri, smátt saxaður
2 msk. oreganó eða kóríander, smátt saxað
1 msk. sítrónusafi
Salt og nýmalaður pipar

Skerið vasa inn í kjúklingabringurnar. Setjið allt sem á að vera í fyllingunni í skál og blandið vel saman. Fyllið bringurnar, penslið með olíu og kryddið með kjúklingakryddinu. Grillið á vel heitu grilli í 10-15 mín. Snúið reglulega.

Tómatsalsa
4 dl smátt saxaðir tómatar
2/3 laukur, smátt saxaður
1/3 chili-aldin, steinlaust og smátt saxað
1 msk. brodd-kúmen, má sleppa
1 msk. kóríander, smátt saxað
1 msk. oreganó, smátt saxað
1 msk. olía
1 msk. sítrónusafi
Salt og nýmalaður pipar
Allt sett í skál og blandað vel saman.

Byggsalat
6-8 dl soðið íslenskt bankabygg
1 laukur, smátt saxaður
2 tómatar, smátt saxaðir
3 msk. steinselja, smátt söxuð
3 msk. minta, smátt söxuð
3 msk. lime- eða sítrónusafi
1 msk. olía
Salt og nýmalaður pipar
Allt sett í skál og blandað vel saman.

GIRNILEGT Úlfar eldar ljúffenga kjúklingarétti í þættinum Eldað með Holta.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

JEPPARAFGEYMAR
Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?

Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa.
• 100 Ah, 850 Amper
• 30% meiri ræsikrafttur
• Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
• Örugg ræsing í miklum kulda
• Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
• Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði
Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

FIÐRILDI Í MAGA

Á HESTAMÓTI *Íslandsmót yngri flokka í hestaíþróttum er haldið á Hlíðarholtsvelli á Akureyri um helgina. 99 krakkar keppa á mótinu á 242 hestum. Þeirra á meðal er Þóra Höskuldsdóttir, 16 ára Akureyrarmær.*

Ég er að keppa í fimm greinum á fjórum hestum," segir Þóra en hún hóf keppni í fjórgangi í gær og á eftir að keppa í tölti, fimmgangi, slaktaumatölti og gæðingaskeiði. En stefnir hún á sigur? „Auðvitað vonast maður eftir sigri en keppendur eru rosalega margir og góðir, við erum allt upp í 40 í hverjum flokki," svarar Þóra, sem segist þó vera með mjög fína hesta á sínum snærum. „Ég gæti alveg unnið en þá þarf líka allt að smella saman og fer eftir dagsforminu hjá mér og hestinum.

Þóra er mjög spennt fyrir mótinu en hún hefur ekki keppt á Íslandsmóti áður. „Mótið hefur ekki verið haldið á Akureyri lengi og það er dýrt að flytja marga hesta landshorna á milli," segir Þóra. Hún hefur þó keppt á fjölmörgum mótum frá unga aldri á Norðurlandi, enda hefur hún alist upp umkringd dýrum. „Pabbi er tamningamaður og mamma er dýralæknir," upplýsir Þóra sem útskrifaðist úr grunnskóla í vor, ætlar í MA í haust og stefnir á dýralæknisfræði í framtíðinni.

Hestamennskan á þó einnig hug hennar allan og í henni hefur hún kynnst góðum hópi vina, en í hestamannafélaginu Létti er þéttur hópur unglinga sem hefur keppt innbyrðis á innanfélagsmótum frá unga aldri.

■ solveig@365.is

GÓÐIR FÉLAGAR Þóra með vini sínum, Steinari frá Sámsstöðum, sem hún keppti á í fjórgangi í gær. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

NÝ VEIÐIVÖRUVERSLUN OPNAR Í SÍÐUMÚLA 37
ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR!
GILDIR AKUREYRI OG REYKJAVÍK

SALMO SILUNGAHÁFUR
~~VERÐ: 2.990,- KR~~
VERÐ NÚ: 1.990,- KR

A.JENSEN CHARON KIT
~~VERÐ: 29.900,- KR~~
VERÐ NÚ: 19.900,- KR

EYELEVEL GLERAUGU BREAKWATER
~~VERÐ: 7.990,- KR~~
VERÐ NÚ: 5.990,- KR

SALMON TELE SET MEÐ HJÓLI OG LÍNU
~~VERÐ: 5.990,- KR~~
VERÐ NÚ: 3.990,- KR
A.Jensen VISION SALMO Badlands WILLIAM JOSEPH
Veiðivörur.is
Reykjavík • Akureyri
SÍÐUMÚLI 37 581 2121
HAFNARSTRÆTI 99 462 1977

Lífið

FÖSTUDAGUR
19. JÚLÍ 2013

Heiðdís Helgadóttir arkitekt
TEIKNAR UGLUR OG SPENNANDI BYGGINGAR 2

Netverslunin Nekoshop.is
JAPÖNSK TÍSKA OG HÁRKRÍTAR SLÁ Í GEGN 6

Andrea Róberts forstöðukona
KEMUR TIL DYRANNA EINS OG HÚN ER KLÆDD 8

Áslaug Magnúsdóttir

Mikilvægt að frumkvöðlar trúi á sjálfa sig

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

HVERJIR HVAR?

Diskógoðið Nile Rodgers hélt tónleika í Silfurbergi í Hörpunni á miðvikudagskvöldið. Hann hélt uppi stuðinu með hljómsveitinni Chic en Moses Hightower og Sísý Ey spiluðu einnig á tónleikunum. Þar sást til **Elínrósar Líndal**



fatahönnuðar dilla sér í takt við hressa tóna. Stemningin var vægast sagt stórkostleg. **Jakob Frímann** lét sig ekki vanta og **Rakel Garðarsdóttir,** framkvæmdastjóri Vesturports, skemmti sér einnig vel í góðra vina hópi.



Lífið

Hamingja, fólk og annað frábært

Umsjón blaðsins
Marín Manda Magnúsdóttir
marinmanda@frettabladid.is

Umsjón Lífsins á Vísir.is
Ellý Ármanns
elly@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.

Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
www.visir.is/lifid

Heiðdís teiknaði ýmiss konar hús í London.

Teikniblokkin var alltaf nálægt.

Abstrakt línuteikningar eru hennar hugarfóstur.

Víkingur með fjaðraskegg.

LIST UGLUR VEKJA ATHYGLI OG GÆÐA SKARTGRIPAHÖNNUN SIGGU OG TIMO LÍFI

„Ég er ótrúlega glöð og lánsöm að hafa fengið þetta tækifæri nánast upp í hendurnar. Ég setti bara teikningar sem ég var að gera á Facebook og fólk tók svo vel í þetta. Máttur internetsins er ótrúlegur," segir Heiðdís Helgadóttir sem er með BA-próf í arkitektúr frá Listaháskólanum. Á dögunum ferðaðist Heiðdís til London til að læra meiri tækniteikningu og segir hafa sótt námskeiðið til þess að víkka sjóndeildarhringinn og teikna eitthvað annað en uglur. Uglurnar hafi verið áhugamál og óvart orðið vinsælar. Námskeiðið mun hafa verið mjög lærdómsríkt en hún segist hafa lært heilmikla tækni af kennaranum í myndskreytingu frá Central Saint Martins sem fræddi nemendur sína um borgina í leiðinni. „Ég fór á námskeið þar sem við löbbuðum um borgina í rólegheitum og teiknuðum byggingar en ég elska Hafnarfjörð og mig langar svo að teikna litlu fallegu húsin þar. Hús heilla mig enda lærði ég arkitektúr."

Krefjandi vinna

Heiðdís segir litla vinnu að fá í þessum geira og því sé hún þakklát fyrir áhugann á myndunum. Hún segist þurfa að vera öguð og vakna snemma á morgnanna til að byrja að teikna. „Þetta er alveg 300% vinna. Ég þarf eiginlega fleiri klukkustundir í sólarhringnum núna því það er brjálað að gera hjá mér og ég hef ekki undan við að teikna til að anna eftirspurninni. Ég er raunverulega farin að vanrækja vini og vandamenn," segir hún hlæjandi.

Spennandi tímar fram undan

Það er margt í deiglunni á næstunni. Meðal annars, samstarf við skartgripahönnuðina Siggu og Timo. Þau hafa sýnt áhuga á að fá Heiðdísi til að teikna myndir sem þau nota sem hugsmíðaafl í hönnun sína. „Mér skilst að Sigga hafi séð einhvern pakka inn mynd eftir mig í blómabúð og henni fannst þetta svo nýtt og ferskt. Mér finnst þetta ótrúlega spennandi tækifæri en þau hafa aldrei áður fengið utanaðkomandi í svona samstarf."

Heiðdís Helgadóttir arkitekt er þakklát fyrir áhugann.

SPENNANDI

MC PLANET
vörumerkið hættir

50-70% afsláttur!

Eikjuvogur 29 - 104 Rvk. S:694-7911
Opið: Mán. - fim: 12 - 18 og fös. 12-16
www.facebook.com/spennandi

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.

HOLLUR OG GÓÐUR FROSTPINNI

Aðalheiður Ýr, einkaþjálfari í World Class og módelfitnesskeppandi, mælir með heimatilbúnum frostpinna.

Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir keppti á sjö módelfitnessmótum á síðasta ári og varð meðal annars heimsmeistari í Búdapest. Hún hugsar vel um heilsuna með mikilli hreyfingu og segir að mataræðið skipti öllu máli. „Til að ná árangri í fitness eða einfaldlega til að komast í form þá skiptir mataræði alveg 80% máli. Mér þykir rosalega gaman að baksa með hollar uppskriftir.

Stundum útbý ég ferska frostpinna sem er svo sniðugt að eiga heima til að grípa í til að svala þörfinni án þess að fá samviskubit." Aðalheiður Ýr segist vera dugleg að búa til ýmiss konar búst daglega en hún mælir eindregið með Froosh-drykkjunum því þeir innihalda tvo ávexti í hverri flösku og það eru engin viðbætt efni í drykkjunum.

Þeir eru einfaldir og mjög sniðugir í partý og barnaafmæli. Hægt er að fylgjast með Aðalheiði á iFitness.is.

FROOSH FROSTPINNAR

Froosh-drykk hellt í íspinnaform og sett í frysti (best að gera kvöldið áður en á að nota).
Hægt er að bæta við ferskum ávöxtum til að gera þá litríkari.
Gríska jógúrt má einnig nota með til að lagskipta pinnanum.
Skreyta með 74% bræddu súkkulaði og kókos.

Vertu sólarmegin í lífinu!

25% afsláttur
af öllum MARMOT
sumarfatnaði* 19.-21. júlí

*stuttbuxur, pils, bolir, skyrtur og sólhattar.

Við vinnum náið með leiðsögumönnum m.a.

arctic adventures
arctic RAFTING
GLACIER GUIDES
ARCTIC HELI SKIING ICELAND
ORÆFAFERÐIR FROM COAST TO MOUNTAINS
FÍ

FJALLA KOFINN

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64
S: 510 9505 | fjallakofinn.is

FRÉTTABLAÐIÐ *Áslaug Magnúsdóttir. Litríkt hár. Helgarmaturinn og Spjörunum úr.*

ÁSLAUG MAGNÚSDÓTTIR SÍÐAN HVENÆR ER ÞAÐ KRAFA FYRIR FORSTJÓRA AÐ VERA HIPP OG KÚL?

Áslaug Magnúsdóttir hefur búið í Bandaríkjunum í 16 ár. Hún lauk lögfræðiprófi frá HÍ og MBA-prófi frá Harvard-háskóla. Áslaug hefur notið mikillar velgengni í tískuheiminum ytra eftir að hún stofnaði tískufyrirtækið Moda Operandi. Nýlega kvaddi hún fyrirtækið vegna ágreinings en heldur ótrauð áfram og opnar nýja netverslun á næsta ári. Lífið ræddi við Áslaugu um frumkvöðlastarf, skilnaðinn og fyrirtækið sem breytti öllu, Moda Operandi.

NAFN
Áslaug Magnúsdóttir

ALDUR
45 ára

STARF
Lögfræðingur, stofnandi Moda Operandi

HJÚSKAPARSTAÐA
Gift Gabriel Levy

BÖRN
Gunnar Ágúst Thoroddsen, 19 ára

Hvað vildir þú verða þegar þú varst yngri? „Ég hafði voða mikinn áhuga á ballett og vildi verða ballerína eða leikkona. Ég var svo lengi í Þjóðleikhúsballettinum."

Hvar ólstu upp og hvernig voru fjölskylduhagir þínir? „Ég bjó í Kaliforníu í Bandaríkjunum frá fimm til ellefu ára aldurs. Pabbi var í námi og mamma var að vinna sem hjúkrunarfræðingur. Þegar ég var orðin unglingur á Íslandi fór ég að hafa áhuga á viðskiptum og ákvað að fara í Verslunarskólann. Ég hafði voðalega gaman af viðskiptafögunum, hagfræði og bókfærslu meðal annars."

Eftir menntaskólann ákvað Áslaug að gott væri að blanda lögfræði við viðskiptabakgrunninn úr Verslunarskólanum og lærði lögfræði í Háskóla Íslands. Í náminu kynntist hún fyrri eiginmanni sínum, Gunnari Thoroddsen. Árið 1993 útskrifaðist hún og eignaðist frumburðinn sama ár. Áslaug sérhæfði sig í fyrirtækja- og skattalögfræði en sinnti einnig starfi sem stjórnarformaður Íslenska dansflokksins um nokkurt skeið.

Hvað varð til þess að þú fórst til Bandaríkjanna að mennta þig? „Ég flutti til Bandaríkjanna ásamt fyrrverandi eiginmanni mínum og syni og hóf mastersnám í lögfræði við Duke-háskóla í Norður-Karólínu. Við ætluðum einungis að vera eitt ár en svo þegar við vorum komin út fann ég að alþjóða starfsframi togaði í mig. Mig langaði að skilja viðskiptalífið á víðtækari hátt. Eftir árið var farið að slitna upp úr sambandinu, maðurinn minn flutti heim með soninn og við skildum árið 2000. Ég var ekki tilbúin að fara strax heim og sótti því um í MBA-nám í Harvard og komst inn. Sonur minn var síðan á miklu flakki milli landa næstu árin."

Seinni eiginmanninum, Gabriel, kynntist Áslaug í Harvard. Eftir námið fór hún að vinna hjá Mckinsey í London og ferðaðist út um allan heim. Eftir þrjú ár var hún komin með leið á ferðalögum og þótti slítandi að vera í fjarsambandi með manninum sínum, sem bjó í New York, og hitta soninn reglulega á milli landa.

„Ég trúi því að Íslendingar séu ansi margir gæddir mikilli aðlögunarhæfni en það er mikilvægur eiginleiki að hafa þegar maður er frumkvöðull. Ég sagði að lokum upp hjá McKinsey og fór að vinna hjá Baugi í London og tók þátt í þessum rosa uppgangi þar. Það var þar sem ég byrjaði að tengjast tískuheiminum og fjárfesta í tískumerkjum."

Tengillinn við tískuheiminn

Það getur ekki hafa verið auðvelt að byrja í þessum bransa. Hvernig komst þú fætinum í dyragáttina í tískuheiminum? „Ég kynntist Marvin Traub þegar ég flutti til New York aftur árið 2006. Hann var þá með ráðgjafarfyrirtæki og vildi fá viðskiptamanneskju úr tískubransanum því fáir eru viðskiptamenntaðir. Við stofnuðum saman TSM Capital og hann kynnti mig fyrir Lauren Santo Domingo."

Hver er drifkrafturinn í þínu lífi, hver veitir þér innblástur? „Fólk hefur haft mikil áhrif á mig í gegnum lífið. Sérstaklega mamma, sem hvatti mig rosalega mikið sem barn og leyfði mér að dreyma. Ferðalög veita mér líka mikinn innblástur, nýir staðir og ný menning."

Hvenær var vefverslunin Moda Operandi stofnuð og hvaðan kom þessi hugmynd að selja beint af tískupöllunum til viðskiptavina? „Þegar tískuvikan var í gangi árið 2010 fann ég fyrir mikilli pressu að gera hugmyndina að veruleika. Í gegnum Gilt.com sem ég vann hjá á þessum tíma var ég búin að kynnast ýmsum hátískuhönnuðum nokkuð vel og hafði heyrt af áhyggjum þeirra. Mörg þessara merkja seldu illa í kjölfar kreppunnar. Milliliðurinn, búðirnar, var einungis að kaupa vörur sem voru öruggar. Ég vildi tengja viðskiptavininn við hönnuðinn beint eftir sýninguna. Ég ákvað þá að hafa samband við Lauren, því hún hafði fjármagn og góð sambönd, og sagði upp vinnunni minni. Maðurinn minn var ekki sérlega ánægður með það en mér var bent á að fjárfestarnir tækju mig ekki alvarlega ef ég væri í annarri vinnu. Við fengum fjármagn stuttu síðar og greiddum hönnuðum fyrir fram og rukkuðum 50% af sölunni. Fyrirtækið blómstraði."

Þú varst á lista hjá fashionista.com yfir valdamestu einstaklinga í tískuiðnaðinum í New York. Hvernig finnst þér að hafa verið á sama lista og Anna Wintour? „Jú, það er náttúrulega frábært og ég var voðalega heppin að hafa hitt Marvin á sínum tíma því í gegnum hann hitt ég mikið af valdamiklum einstaklingum en ég var aðallega á þessum lista vegna velgengni Moda Operandi."

Togstreita í fyrirtækinu

Fram undan eru miklar breytingar í lífi þínu en þú hættir nýverið hjá Moda Operandi. Hvernig kom það til? „Ég var búin að vera forstjóri í þrjú ár, Moda var mitt konsept og ég var mjög stolt af því sem við byggðum upp. Ég á enn þá stóran part í því fyrirtæki. Það kom upp ágreiningur milli mín og Lauren um áherslur í rekstrinum og

Uppáhalds

MATUR Íslenskur fiskur, ýsa og Lúða

DRYKKUR Íslenskt vatn

VEITINGAHÚS Gemma á Bowery Hotelinu í New York

VEFSÍÐA Moda Operandi

VERSLUN New York Vintage

HÖNNUÐUR Riccardo Tisci

HREYFING Ballet Beautiful. Mary Helen Bowers sem þjálfaði Natalie Portman fyrir Black Swan stofnaði þetta fyrirtæki og þróaði þessa leikfimi sem byggist a ballettæfingum. Hun kemur heim til mín tvisvar í viku til að þjálfa mig.

DEKUR Freyðibað og nudd

„Ég trúi því að Íslendingar séu ansi margir gæddir mikilli aðlögunarhæfni en það er mikilvægur eiginleiki að hafa þegar maður er frumkvöðull.“

deilurnar voru að leiða til togstreitu innanhúss svo ég ákvað að það væri best að ég færi. Ég tala núna við aðra í stjórninni en er ekki að ræða við Lauren. Hún er með þennan Vogue-bakgrunn sem flestir vita hvernig er, svo við vorum mjög ólíkar og höfðum því ólíkar áherslur.

Þegar samtarfi ykkar lauk voru blöðin að skrifa ýmislegt um ykkur Lauren Santo Domingo. Fannst þér særandi að lesa að hún hefði ekki viljað þig í fyrirtækinu vegna þess að þú værir ekki nógu „hipp og kúl“? „Nei, alls ekki. Þessi frétt lak á meðan ég var í samningaviðræðum um eignarhlutinn eftir að ég hafði sagt upp. Svo kom þetta í blöðunum og mér fannst jákvætt að það kom fram að ég var sú sem var með viðskiptavitið í fyrirtækinu. Þessi frétt var svo fáránleg. Síðan hvenær er það krafa fyrir forstjóra að vera hipp og kúl? Ég tek því nú ekkert nærri mér. Það er nú ekki þannig sem ég vil láta meta minn árangur í starfi.“

Hvernig er að búa í tískuborginni New York? „Það er spennandi orka í borginni sem er yndisleg og hræðileg á sama tíma. Það eru ótrúleg tækifæri hérna því það er hægt að finna allt í New York. Það er ótrúlega fjölbreytt mannlífið hér og allar þjóðfélagsstéttir. Stundum er erfitt að búa hérna því fólk getur verið svo dónalegt. Það er jafnvel eitthvað við borgina sem gerir mann minna almennilegan en maður raunverulega er.“

Hvernig er hefðbundinn dagur í lífi Áslaugar? „Dagarnir eru ansi fjölbreyttir. Ég borða aldrei morgunmat og hádegismat nema á ferðinni. Ég kem yfirleitt við á Starbucks á leiðinni í vinnuna. Svo er ég mikið á fundum með hönnuðum á skrifstofunni og stundum þarf maður að fara í vöruhúsið.“

Trúðu hiklaust á sjálfa þig

Þú ert án efa innblástur fyrir margar konur í fyrirtækjarekstri, hvaða ráð hefur þú að gefa öðrum konum? Að hafa trú á sjálfum sér og að hika ekki við að láta reyna á sína drauma og hugmyndir. Það tekst kannski ekki alltaf í fyrsta sinn en það þýðir ekki endilega að það muni ekki takast síðar. Að fá að byggja upp svona fyrirtæki eins Moda Operandi var ótrúleg gefandi og mikil lífsreynsla fyrir mig. Frumkvöðlar ættu líka að hafa það í huga að það mun alltaf vera fólk til staðar sem trúir ekki á hugmyndir þínar en þá má ekki gefast upp.“

Nú ertu að fara stofna nýtt fyrirtæki sem er ansi spennandi. Geturðu sagt örlítið frá því? „Þetta er líka vefverslun í hátísku. Í dag er lúxuskúnninn kominn á netið og hann er tilbúinn að versla mun dýrari vörur á netinu en áður. Konur vilja jafnvel fá að vinna nánar með hönnuðunum við að skapa vöruna. Á síðunni verður því tól þar sem kúnninn getur hannað sinn eigin kjól sem við framleiðum sérstaklega. Þetta fer af stað snemma á næsta ári en mikið meira má ég ekki segja.“

Hverjir eru framtíðardraumarnir? „Mig dreymir um að byggja upp nýja fyrirtækið og njóta mikillar velgengni með það. Svo hef ég áhuga til lengri tíma á að vinna með yngri hönnuðum og að ferðast meira um heiminn og hafa meiri tíma til að sinna fjölskyldunni.“

Myndaalbúmið

Spjallar við hönnuð.

Hljómsveitin Icarus. Finnbogi, Elías, Benjamin, og Gunnar, sonur Áslaugar.

Áslaug Magnúsdóttir tískufrömuður ber af sér mikinn þokka.

GOTT FYRIR KRAKKANA

Kreistimaturinn frá Kalibo
Fullkominn í töskuna fyrir litla ferðalanga.

Svalandi og sumarlegir djúsar frá Kalibo

AcidophiKids chewable berry frá Animal Parade
Frábært fyrir meltinguna og tilvalið fyrir litla maga sem eru að prófa nýjan mat.

OMISSANDI Í SUMAR!

Multidophilus Forte
með gula miðanum.
Þarf ekki að geyma í kæli!

GOTT Í SÓLINA!

Frábær sólarvörn frá Aubrey
fyrir alla fjölskylduna.
Ekki brenna við!

FYRIR ALLA SUMARDAGA!

Gallexier 250 ml
Fljótandi meltingarensím sem hjálpa líkamanum eftir stórar og þungar máltíðir.

Raw CC – snakk packs
eru góðir á golfvöllinn.
Flottur orkugjafi á milli mála
og tilvalið ferðasnarl.

Baggu Back pack
í sumarlegum litum.
Kjörinn í allar útilegur!

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI REYKJANESBÆ

HÁRKRÍTAR Í ÖLLUM REGNBOGANS LITUM

Á sumrin leika börn sér með krítar úti þegar veður leyfir. Nú eru hins vegar komnar krítar fyrir fullorðna sem setja skal í hárið. Krítarnar eru auðveldar í notkun og fást í mörgum litum.

Vefverslunin Nekoshop.is leggur áherslu á litríka og skemmtilega tísku undir áhrifum frá götutísku í Japan. Lengi vel hefur tíðkast að stúlkur séu með litríkar hárkollur en upp á síðkastið hefur það þó færst í aukana að japanskar stelpur vilji leika sér með eigið hár. Því hafa hárkrítar náð töluverðum vinsældum þar í landi. Hárkrítar eru skemmtileg leið til að breyta háralitnum tímabundið og prófa sig áfram. Neko hefur nú hafið sölu á svokölluðum mungyo-krítum en þær eru eingöngu ætlaðar fyrir hárið og eru því ekki eins og götukrítar sem krakkar leika sér með.

Krítarnar koma frá Kóreu og fást í fjórum mismunandi litasettum en í hverjum pakka eru sex litir.

Ásgerður Snævarr með bláa hárkrít.

Aðferð við að nota hárkrítarnar.

- **Ljóst hár skal vera þurrt og greitt. Svo er einn lokkur tekinn fyrir sig og hann krítaður niður á við með krítunum.**
- **Sé um dökkt hár að ræða er nauðsynlegt að bleyta hvern lokk til að liturinn verði dekkri og sjáist betur.**
- **Þá er gott að nota spreybrúsa og spreyja lokkinn létt áður en krítin er sett í.**
- **Best er að leyfa hárinu að þorna af sjálfu sér en einnig er hægt að nota hárþurrku.**
- **Gott er að annaðhvort slétta eða krulla lokkinn til að festa litinn betur í og loks er hægt að nota hársprey ef vill.**

Liturinn næst svo úr í þvotti, oftast með einum hárþvotti en ef hárið er mjög ljóst gæti þurft 2-3 þvotta til að ná þeim úr.

Hildur Kristín krítar hár Guðrúnar Gígju.


Hildur Kristín Stefánsdóttir, eigandi Neko.

Hárkrítarnar fást í mörgum litum.

Hægt er að blanda saman litum og liturinn verður sterkari í blautu hári.

Krítarnar eru einfaldar og ansi skemmtilegar í notkun.

FÁÐU GÓÐ RÁÐ VIÐ OFNÆMI
NEUTRAL.IS

Dönsku astma- og ofnæmissamtökin
NORDISK MILJØMÆRKING
Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi mælir með vörum frá Neutral®

TÍÐATAPPAR OG KREM SEM KOMA JAFNVÆGI Á GERLAFLÓRUNA

Tíðatappar með mjólkursýrugerlum eru nýjung á íslenskum markaði. Þeir heita Ellen og koma jafnvægi á gerlaflóruna í leggöngunum. Tapparnir, sem eru framleiddir í Svíþjóð, henta öllum konum sem vilja vernda og viðhalda jafnvægi í leggöngunum og stuðla að eðlilegu pH-gildi.

Ellen-tíðatapparnir hafa reynst konum sem glíma við vandamál vegna kláða, ólyktar og ertingar sérstaklega vel. Þeir hafa einnig fyrirbyggjandi tilgang.

Hver tíðatappi inniheldur 100 milljónir mjólkursýrugerla en gerlarnir eru þekktir fyrir þá eiginleika að bæta og styrkja eðlilega bakteríuflóru í leggöngunum. Níu af hverjum tíu konum finna fyrir óþægindum á kynfærasvæðinu einhvern tímann á lífsleiðinni og margar fá síendurteknar sveppasýkingar. Með notkun Ellen-tíðatappanna er eðlilegu pH-gildi haldið við, sem getur fyrirbyggt óþægindi.

Tapparnir eru ekki eingöngu hugsaðir fyrir konur með óþægindi heldur er mælt með því að allar konur noti þá til að stuðla að eðlilegri gerlaflóru og fyrirbyggja vandamál. Þá fæst krem frá sama framleiðanda sem mælt er með að nota samhliða en það inniheldur líka mjólkursýrugerla. Það er auk þess mjög rakagefandi og hefur reynst vel eftir rakstur og vax á kynfærasvæðinu.

Kvensjúkdómalæknar um alla Evrópu mæla með notkun mjólkursýruvaranna frá Ellen. Þeir hafa einnig bent á að kremið inniheldur ekki vatn, sem þykir mikill kostur. Fáar vörur fyrir þetta svæði eru á markaði og hefur þeim verið tekið fegins hendi um allan heim. Kremin og tíðatapparnir frá Ellen fást í öllum helstu apótekum.

Hvernig virkar varan

Raki sem myndast í tíðatappanum virkjar mjólkursýrugerlana inni í honum en þeir vernda yfirborð slímhúðarinnar gegn óæskilegum bakteríum. Mjólkursýrugerlarnir streyma frá tappanum í leggöngin og viðhalda pH-jafnvæginu.

Gerlarnir

Ellen-tapparnir og -kremið innihalda mjólkursýrugerlana L.gasseri LN40, L. fermentum LN99 og L.rhamnosus LN113.

Notkun og stærðir

